

KRÍLASEL

UNGBARNALEIKSKÓLI



Starfsáætlun 2020-2021

Efnisyfirlit

1	Leiðarljós leikskólans tengjast einkunnarorðum leikskólans sem eru: <i>jafnrétti, umhyggja og öryggi.</i>	3
2	Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	3
3	Innra mat	4
4	Greinargerð frá starfinu skólaárinu 2019-2020 (innra mat/umbótaáætlun)	5
5	Ytra mat	9
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	9
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	9
8	Foreldrasamvinna	9
	8.1. Foreldraheimsókn.	10
	8.2. Aðlögun	10
	8.3. Foreldrakaffi.	10
	8.4. Foreldraviðtöl.	10
9	Skipulagsdagur	11
10	Fylgigögn	11
	10.1 Leikskóladagatal	11
	10.2 Samantekt um sérkennslu/stuðning	12
	10.3 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	12
11	Umsögn foreldraráðs	12

1 Leiðarljós leikskólans tengjast einkunnarorðum leikskólans sem eru: *jafnrétti, umhyggja og öryggi.*

2 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Leikskólinn Krílasel opnaði í byrjun janúar 2019. Augljóst var að starfið myndi einkennast af því starfsfólki sem í leikskólanum ynni. Fyrsta árið voru starfsmannavelta mikil en að lokum tókst að ráða nokkuð góðan kjarna sem vinnur þar núna. Auglýst var 3 sinnum eftir leikskólakennara en án viðbragða. Þó tókst að ráða starfsmann með uppeldismentun í 30% starf sem sinnir að mestu faglegu starfi ásamt leikskólastjóra. Starfsmannahópurinn á hrós skilið fyrir ýmislegt eins og sveigjanleika í starfi, útsjónasemi, hugmyndaríki og hversu samstæður og lausnamiðaður hópurinn er. Markvisst hefur verið unnið að því að bæta starfsumhverfi og hefur skapast töluverð umræða um það. Stjórnendum tókst þetta árið að bæta starfsumhverfi leikskólans með ýmsu móti. Opnað var nýtt útileiksvæði með nýjum CE vottuðum útileiktækjum, settar nýjar frauðmottur í hvíldar og fataherbergi. Einnig voru keyptir nýjir útigallar og hlifðarfatnaður fyrir starfsfólk.

Eldhúsaðstöða og matar og skiptiaðstöðu barna var endurbætt. Starfsdagur var haldin þar sem við fengum heimsókn frá Rauða Krossinum með skyndihjálparnámskeið fyrir ungbarnaleikskóla og fræðslu frá leikskólastjóra um líkamsbeytingu í vinnu með smábörnum. Einnig fór starfsfólkið í heimsókn í leikskólan Holt til að fá innsýn í starf á öðrum ungbarnadeildum.

Tvær brunaæfingar voru síðan haldnar og tóks að rýma leikskólann á undir 2 mínútum í bæði skiptin. Starfsfólk fékk einnig fræðslu frá leikskólastjóra.

Krílasel fékk heimsókn frá Leikskólunum Holti og Sólgarði í Reykjavík, og einnig komu fulltrúar frá Skóla og frístundasviði í heimsókn.


Heilbrigðiseftirlit kom líka í heimsókn og fékk leikskólinn 4 af 5 mögulegum stigum og aðeins gerðar athugasemdir vegna skráningar.

3 Innra mat

Tilgangur innra mats er að meta hvort og að hve miklu leyti þeim markmiðum leikskólans hefur verið náð sem byggja á áherslum úr skólanámskrá leikskólans og hafa verið samþykkt af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkuborgar. Einnig á Innra mat að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans og þróun þeirra, og stuðla að umbótum og auknum gæðum leikskólastarfsins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Einnig þarf að tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.

Matið þarf að fara fram árlega og gefa upplýsingar um í hverju þær umbætur eru fólgnar og má líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind og metin í samvinnu, og ákvarðað hvað gera skuli í framhaldinu. Setja þarf fram umbætur/matsáætlun sem byggir á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og skipuleggja vinnu út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaáætluninni eru sett fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að.



4 Greinagerð frá starfinu skólaárinu 2019-2020 (innra mat/umbótaáætlun)

Á Krílasel er einnar deildar leikskóli þar sem leikskólastjóri vinnur sem deildarstjóri einnig einn leikskólakennari leikskólinn. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá leikskóla. Hún er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Menntastefna Reykjavíkurborgar skiptist upp í fimm grundvallarþætti. Félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Markmið Krílasel tengjast einkunnarorðum leikskólans sem eru jafnrétti, umhyggja og öryggi. Að börnunum líði vel og þau finni sig örugg, aðbúnaður og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri þeirra. Að börnin læri að leika með opinn efnivið úti og inni, saman í hóp eða einstaklingslega. Í Krílaseli er unnið að félagsfæri með hópastarfi og samverustund. Mikið er lagt upp úr sjálfsefningu t.d. með því að hvetja þau til að borða sjálf, þvo hendur og fara sjálf í sína stóla.

Einnig er lögð áhersla á læsi með því að styðjast við merkja stólana þeirra og að þau þekki nöfnin sín. Í hópastarfi er stuðst við "Lærum og leikum" og "Lubbi finnur málbein" og myndrænt efni mikið notað í dagsskipulagi. Í sköpun er unnið með þemur eins og "ég er sjálf" það sem börnin nota hendur til að búa til myndir og allskonar opinn efnivið t.d. nátturuleg efni eins og lauf, steina og endurnýtum pappaubúðir og eggjaumbúðir og fleira. Einnig að sulla með pasta og vatn og í vetur notuðum við snjó og vatnsliti.



Í Krílaseli er lagt mikið upp úr hollum heimilismat og ekki notaðar forunnar kjötvörur. Þau fá hafragraut og lýsi alla morgna nema föstudaga þegar þau fá súrmjólk og Cherrios. Grænmeti er með öllum máltíðum og ávextir 2 á dag. Útivera einu sinni á dag eftir veðri og hvíld einu sinni á dag. Útisivæði er tvískipt eftir aldri barnana. Einnig er innihreyfing einu sinni í viku til að styrkja hreyfiproska þeirra.



Þar sem að leikskólinn var að hefja störf voru tekin inn frekar mörg börn í aðlögun til að byrja með sem skapaði mikið álag. Þeim fækkaði síðan þegar á leið og meiri rúttína og jafnvægi var komin á starfið og starfsmenn fundu betri leiðir til að tengjast börnum. Vinna með fyrsta hópinn í leikskólanum fór fyrst að mestu í að kenna börnunum á aðstæður í leikskólanum ásamt því að veita þeim hlýju og öryggi. Leitast er við að vinna með börnunum og foreldrum þeirra á jafnréttisgrundvelli þar sem að uppruni og staða skiptir ekki máli. Gangi t.d. aðlögun hægt er hún bara lengd á forsendum barnsins. Með því að sýna umhyggju er haft að leiðarljósi að sýna börnunum kærleika og hlýju þannig að það skapist traust og börnin finni að þau eru örugg í leikskólanum og séu glöð að koma í leikskólann. Með því skapast einnig virðing þegar börnin finna að þörfum þeirra er mætt á einstaklingsforsendum og að þeu séu öll sérstök hvert á sinn hátt.

Eftir því sem fjölgaði í barnahópnum lögðum við meiri áherslu á að skipta hópnum í smærri hópa, nýta öll rými deildarinnar vel og skapa rólegri og hljóðlátari aðstæður fyrir börnin. Við

höfum lagt mikla áherslu á matartímann en þar eru börnin hvött til að halda á skeið og drekka sjálf úr glösum. Við reynum að ýta undir sjálfshjálp barnanna og aðstoðum þau eftir þörfum.



Við settum okkur markmið að hlúa að leik barnanna en leikurinn er ein helsta námsleið barna og mikilvægt í námi þeirra. Börn fá tækifæri til að læra og þroskast í gegnum leikinn, eiga í samskiptum við önnur börn og einnig ýtir leikurinn undir hæfni þeirra til að frjóvga ímyndunaraflíð.



Umbótaþættir Krísel 2020-2021

Umbótaþættir Krísel	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat ; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýn ihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Aðlögun	Að bæta gæði aðlögunarinnar	Hafa ekki fleiri en 2 börn í viku	Haust og sumar	Leikskólastjóri og starfsfólk.	Skipulagsdagur. Deildarfundir	Metið eftir skólaárið
Könnunarleikur	Að efla könnunarleiki í málörvun barnanna	Fræða starfsfólk betur um gildi könnunarleiks.	Haust-vor	Leikskólastjóri	Skipulagsdagur. Deildarfundur.	Framfarir barnanna og þroski skoðaður í gegnum athugun á þroskaferli..
Málörvunarstundir	Að öll börn fái málörvunarstund einu sinni í viku	Stuttar stundir 4-5 börn saman	Einu sinni í viku hver hópur	Leikskólastjóri og hópstjóri	Haust og vor	Metið fyrir foreldrarviðtöl og kynnt þar.
Samverunstund	Að auka samskiptahæfni og félagsþroska og virka hlustun.	Skipta í sem minnsta hópa, starfsfólk sé miðvitað og taki þátt og dagskipulag sé synilegt og myndrænt.	Samverustundir eru allt skólaárið.	Leikskólastjóri og starfsfólk	Metið með samtali starfsfólks á deildarfundum.	Í lok skólaárs viljum sjá mun á hversu börnin verða öruggari í umhverfi sínu og samskipum sínu á milli og við starfsfólk.

5 Ytra mat

Kríasel opnaði 12 jan.2019 og ekki hefur verið framkvæmt ytra mat.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Allir starfsmenn hafa fengið starfsmanna/þróunar viðtöl.
- Starfsfólk fékk fræðslu frá skyndihjálparnámdkeiði RKÍ.
- Fræðslu um viðbrögð við eldsvoða.
- Fræðslu um líkamsbeitingu .
- Fræðslu um ummönnun ungbarna frá leikskólakennara.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Kríasel er Ungbarnaleikskóli og ekki í samstarfi við grunnskóla. En við erum með gott samstarf við Þjónustumiðstöð Breiðholts m.a. vegna málþroska og hegðunnarvanda barna. Kríasel er einnig í samstarfi við aðra leikskóla þar sem það hefur átt við. Hlutverk Kríasel er meira að undirbúa börnin sem best fyrir næstu skref í almennum leikskóla.

8 Foreldrasamvinna

Góð fyrstu kynni foreldra af leikskólanum og vel heppnuð aðlögun barns eru mikilvæg til að byggja upp traust og góð samskipti fyrir komandi leikskóladvöl barnsins.

Í yfirlýsingu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011, bls. 48) er bent á mikilvægi foreldrasamstarfs í aðlögun barna og þar segir að leggja þurfi grunn að samstarfi foreldra og leikskóla strax í upphafi leikskólagöngunar með velferð og umhyggju barna að leiðarljósi. Leikskólastarfsfólki ber að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu, og samstarfið þarf að byggjast á trausti, gagnkvæmum skilningi og virðingu.

Okkar markmið í Kríaseli er m.a. að hafa gott foreldrasamstarf og allveg sérstaklega þar sem að börnin eru svo ung ennþá.

Dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólks eru grunnurinn að traustu foreldrasamstarfi.

8.1. Foreldraheimsókn.

Öllum foreldrum með börn sem hafa fengið pláss í Krílaseli er boðið að koma með barnið heimsókn og skoða leikskólann, hitta leikskólastjórnann og fá innsýn í leikskólastarfið.

8.2. Aðlögun

Foreldrasamstarf hefur verið mikilvægur hluti af aðlögun barnanna í Krílaseli og þá fá bæði foreldrar og starfsfólk tækifæri til að tala saman um ýmislegt sem tengist börnunum. Í aðlöguninni fá foreldrar einnig tækifæri til að kynna starfsfólkinu og leikskólastarfinu.

8.3. Foreldrakaffi.

Samvinna við foreldra hefur verið mjög góð og var foreldrakaffi strax í febrúar þar sem að foreldrar, afar og ömmur mættu. Foreldrar fengu þannig tækifæri til að kynna betur starfsfólkinu og öfugt. Síðan hefur leikskólinn haft jólakaffi, bóndadagskaffi og konudagskaffi. Ávalt hefur verið vel mætt á þessum dögum og mikil gleði og gaman bæði hjá börnum, foreldrum og starfsfólki.

8.4. Foreldraviðtöl.

Allir foreldrar fá skipulög foreldraviðtöl og einnig ef þörfum.


Viðtölin byggjast á upplýsingum um barnið og athugunum á færni og þroska í leik og starfi. Stuðst er við matstæki fyrir börn 1-2 ára þar sem þættir eins og félagsleg samskipti, málþroski, sjálfshjálp, vitsmunapróska og hreyfiþroski eru metin. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Leikskólastjóri sendir oftast tölvupóst einu sinni viku til að halda foreldrum upplýstum um starfið í leikskólanum og breytingar eins og komu nýrra barna og starfsmanna. Leikskólinn hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð frá foreldrum sem hafa margir hverjir þakkað fyrir sig með hlýlegum orðum, blómum og gjöfum þegar börnin hafa lokið dvöl hjá okkur.

9 Skipulagsdagur

Föstudagur .	9. október 2020	Lokað allan daginn.
Föstudagur .	27. nóvember 2020	Lokað allan daginn.
Mánudagur.	4. janúar 2021	Lokað allan daginn.
Föstudagur.	5. mars. 2021	Lokað allan daginn.
Föstudagur	23. Apríl 2021	Lokað allan daginn.
Föstudagur	14 maí 2021.	Lokað allan daginn.

10 Fylgigögn

10.1 Leikskóladagatal



Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: Krísel Ungbarnaleikskóli

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 L	1 Þ Aðlögun nýrra barna	1 F Aðlögun nýrra barna	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skírdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ
2 S	2 M Aðlögun nýrra barna	2 F Aðlögun nýrra barna	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M
3 M	3 F Aðlögun nýrra barna	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M Foreldravíðtal	3 F
4 Þ	4 F Aðlögun nýrra barna	4 S	4 M	4 F	4 M Skipulagsdagur	4 F	4 F	4 S Þráskadagur	4 Þ Foreldravíðtal	4 L
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Dagur stærðfræðinnar	5 F Skipulagsdagur	5 M Annar í páskum	5 M	5 L
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F Foreldravíðtal	6 S Sjámannadagurinn
7 F	7 M Aðlögun nýrra barna	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F Foreldravíðtal	7 Þ
8 L	8 Þ Dagur læsis/Aðlögun nýrra barna	8 F	8 S Þerftudagur og sérstaklega	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ
9 S	9 M Aðlögun nýrra barna	9 F Skipulagsdagur	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M
10 M	Aðlögun nýrra barna	Aðlögun nýrra barna	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 M	10 F
11 Þ	Aðlögun nýrra barna	Aðlögun nýrra barna	11 S	11 M	11 F Foreldrafélagið	11 M	11 F	11 S	11 Þ	11 L
12 M	Aðlögun nýrra barna	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ Afmæli Krísel	12 F Blekur dagur	12 F	12 M	12 L
13 F	Aðlögun nýrra barna	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F
14 F	Aðlögun nýrra barna	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 M	14 F Skipulagsdagur	14 M
15 L	15 Þ Aðlögun nýrra barna	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Bolludagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ
16 S	16 M Aðlögun nýrra barna	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ	16 F	16 S	16 M
17 M	Aðlögun nýrra barna	17 F Aðlögun nýrra barna	17 L	17 Þ	17 F	17 M Óskudagur	17 M	17 L	17 M	17 F Sjúkveisdagurinn
18 Þ	Aðlögun nýrra barna	18 F Aðlögun nýrra barna	18 S	18 M	18 F Jólahöfundurinn	18 M	18 F	18 S	18 Þ	18 F
19 M	Aðlögun nýrra barna	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F Málfa- og Ósmásköld	19 M	19 M	19 L
20 F	Aðlögun nýrra barna	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ Barnamenningarhátt	20 F	20 S
21 F	Aðlögun nýrra barna	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 M Barnamenningarhátt	21 F	21 M
22 L	22 Þ	22 F Aðlögun nýrra barna	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bændagurinn fedra- og móðura	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ
23 S	23 M	23 F Aðlögun nýrra barna	23 F	23 M	23 L Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 F Skipulagsdagur	23 S Hvítasunnudagur	23 M
24 M	24 F Aðlögun nýrra barna	24 L	24 Þ	24 F	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 L	24 M Annari Hvítasunnu	24 F
25 Þ	25 M	25 F Aðlögun nýrra barna	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 S	25 Þ	25 F
26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 L Annar jólamessa	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 L
27 F	27 S	27 F Foreldravíðtal	27 F	27 M	27 S Skipulagsdagur	27 S	27 L	27 L	27 Þ	27 F
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M
29 L	29 Þ	29 F Aðlögun nýrra barna	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 F	29 L	29 Þ
30 S	30 M	30 F Aðlögun nýrra barna	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 F Skulur dagur	30 S	30 F
31 M	31 L	31 L	31 M	31 F	31 F Gamliársdagur	31 S	31 M	31 M	31 M	31 L

Í reglum um leikskólabjónustu segir:
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólakjörni ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraáráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólakjörni sumarið eða loki samfelldi tíu til tuttugu virka daga.
 Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

10.2 Samantekt um sérkennslu/stuðning

Krílasel er ekki með sérkennslubörn vegna ungs aldurs barnanna en við erum jákvæð gagnvart slíku í samvinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts ef þörf er á.

Á skólaárinu 2019-2020 voru tvö börn þar sem annað foreldri var með annað móðurmál en íslensku (Filippseyjar og Serbía). Í einu tilfelli íslenskra foreldra sem fóru með 18 mánaða barn sitt í skoðun komu fram áhyggjur af málþroska barnsins og var haft samband og samvinna við ráðgjafa og hegðunráðgjafa í Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Í Krílasel er unnið mikið með myndrænt skipulag í daglegu starfi eins og t.d. í sögu og söngstundum. Börnin í Krílaseli eru að fara í gegnum sitt fyrsta máltökuskeið og því er lögð er áhersla á að nota námsefni eins og „Lubbi finnur málbein“ og „Lærum og leikum“ .

10.3 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Þegar leikskólinn opnaði í janúar 2019 var 1 stúlka sem var ný flutt til Íslands. Hún var 14 mánaða og ekki byrjuð að tala eigið túngulmál. Leikskólastjórinn í Krílaseli er tvítyngd og mjög meðvituð um hvernig vinna á með börnum með annað tungumál. Í samverustund er notast mikið við myndir og námsgögn eins og bókina „Lubbi finnur málbein“ og „Lærum og leikum“.

11 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun, sem er hnitmiðuð og með skýrum markmiðum. Ráðinu finnst ungbarnaleikskólinn Krílasel vinna mjög vel eftir einkunnarorðum sínum um jafnrétti, umhyggju og öryggi.

Markmið fyrir næsta ár eru skýr og umbótaáætlun um aðlögun nýrra barna er mjög góð þar sem hún mun skila sér í minna álagi á starfsfólki og börnum. Foreldraráð telur að upplýsingagjöf sé framúrskarandi bæði í formi tölvupósts og skriflega á töflum við inngang. Innri vefur Krílasels er einnig góður í að miðla sjónrænum upplýsingum um daglegt starf barnanna. Samskipti og upplýsingagjöf varðandi nýtt starfsfólk er einnig mjög gott. Vel er tekið á móti börnunum á morgnana og á leikskólinn hrós skilið fyrir að huga vel að því. Einnig á

leikskólinn hrós skilið fyrir hversu hratt og vel útisvæðið var unnið á þessu fyrsta opunarári. Börnin fara reglulega út og er útisvæðið bæði öruggt og skemmtilegt fyrir börnin.

Foreldraráð er ánægt með að starfsfólk hafi sótt sér endurmenntun í formi heimsóknna og skyndihjálparnámskeiðs. Mikilvægt er að áhersla um málörvun barna sé á umbótalista og það mætti kannski gjarnan setja í gang umbótaáætlun varðandi málörvun þeirra annars frábæru starfsmanna sem ekki tala íslensku. Það gæti til dæmis verið hluti af endurmenntunaráætlun.

Foreldraráð telur að öll markmið Krílasels varðandi uppeldis- og menntastarf vera framúrskarandi.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Dagmar Atladóttir
Unnur Eva Ólafsdóttir

F. h. Krílasels Ungbarnaleikskóla

Susana Rabanes Gunnþórssón
Leikskólastjóri

01. Júlí 2020
Dagsetning

Starfsáætlun 2020 – 2021

Krílasel ungbarnaleikskóli

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Dagmar Atladóttir
Unnur Eva Ólafsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.

- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun, sem er hnitmiðuð og með skýrum markmiðum. Ráðinu finnst ungbarnaleikskólinn Krílasel vinna mjög vel eftir einkunnarorðum sínum um jafnrétti, umhyggju og öryggi.

Markmið fyrir næsta ár eru skýr og umbótaáætlun um aðlögun nýrra barna er mjög góð þar sem hún mun skila sér í minna álagi á starfsfólki og börnum. Foreldraráð telur að upplýsingagjöf sé framúrskarandi bæði í formi tölvupósts og skriflega á töflum við inngang. Innri vefur Krílasels er einnig góður í að miðla sjónrænum upplýsingum um daglegt starf barnanna. Samskipti og upplýsingagjöf varðandi nýtt starfsfólk er einnig mjög gott. Vel er tekið á móti börnunum á morgnana og á leikskólinn hrós skilið fyrir að huga vel að því. Einnig á leikskólinn hrós skilið fyrir hversu hratt og vel útisvæðið var unnið á þessu fyrsta opunarári. Börnin fara reglulega út og er útisvæðið bæði öruggt og skemmtilegt fyrir börnin.

Foreldraráð er ánægt með að starfsfólk hafi sótt sér endurmenntun í formi heimsóknna og skyndihjálparnámskeiðs. Mikilvægt er að áhersla um málörvun barna sé á umbótalista og það mætti kannski gjarnan setja í gang umbótaáætlun varðandi málörvun þeirra annars frábæru starfsmanna sem ekki tala íslensku. Það gæti til dæmis verið hluti af endurmenntunaráætlun.

Foreldraráð telur að öll markmið Krílasels varðandi uppeldis- og menntastarf vera framúrskarandi.

